



Fimmtán manna hópur þveraði Snæfellsnes yfir fjöllin Helgrindur á fjallaskíðum á laugardag. Leiðin lá frá Kálfárvöllum í suðri, yfir Helgrindurnar og síðan beint niður að fossinum við Kirkjufell. Öll ferðin var farin í einmuna bliðu, en Helgrindur eru annálað veðravíti. Á myndinni má sjá hluta hópsins virða fyrir sér útsýnið yfir Grundarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þarf að endurgreiða lífeyri látinnar konu

Ekkill þarf að endurgreiða ofgreiddan lífeyri sem kona hans fékk. Ofgreiðslan varð til við sölu á húsi hjónanna vegna veikinda hennar. Ótrúlegt óréttlæti að mati varaformanns LEB.

**VELFERDARMÁL** „Þetta er skelfilegt mál,“ segir Sigurður Jónsson varaformaður Landssambands eldri borgara (LEB).

Eldri borgari, sem nýlega missti eiginkonu sína, þarf að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins (TR) ofgreiddan ellilífeyri eiginkonu sinnar. Fjármagnstekjur hjónanna reyndust hærri en tekjuáætlun gerði ráð fyrir vegna flutninga sem ráðist var í vegna veikinda konunnar.

Kona mannsins hafði greinst með ólæknandi krabbamein sem hafði áhrif á hreyfingu konunnar. Mat sérfræðinga og umönnunaraðila var að húsnaði hjónanna hentaði heilsu hennar illa. Því afréðu þau að selja eign sína og flytja í raðhús.

Árið 2016 lést konan af veikindum sínum og hentaði húsið mannum illa. Ákvað hann að selja raðhúsið og kaupa sér annað. Það hafði í för með sér að fjármagnstekjur hjónanna

breyttust frá upphaflegri áætlun og konan fékk of háar bætur greiddar síðustu ævidagana. Maðurinn kærði afstöðu TR til úrskurðarnefndar í velferðarmálum (ÚRV).

„Þrátt fyrir að um ófyrirséða atburði hafi verið að ræða þá telur [ÚRV] að slíkt geti ekki leitt til þess að vikið verði frá skýrum ákvæðum laga [...] um almannatryggingar,“ segir í niðurstöðu nefndarinnar.

Sigurður segir að LEB fái reglulega

inn á borð til sín mál áþekk þessu. Þar hafi fólk ákveðið að minnka við sig eða mögulega selt sumarbústað, sem hafi yfirleitt tekið stóran hluta ávinnar „að aura saman fyrir“, og lendi þá í því að þurfa að endurgreiða lífeyrinn vegna þess.

„Með nýju lögunum batnaði hagur þeirra sem búa einir en hagur hjóna versnaði sumpart. Stjórnvöld þurfa að taka á þessu. Þetta er ekki réttlátt,“ segir Sigurður. – jõe

### Viðkvæmir eftir mygluskemmdir

**VIÐSKIPTI** Nokkrir starfsmenn Íslandsbanka glíma enn við eftirköst veikinda af völdum myglu- og rakaskemmda í höfuðstöðvum bankans við Kirkjusand. Af þeim sökum hefur þeim verið hlíft við að flytja í nýjar höfuðstöðvar bankans í Norðurtúrninum í Kópavogi meðan á framkvæmdum hefur staðið þar.

„Þetta eru örfáir starfsmenn sem ekki eru starfandi í húsi á meðan á framkvæmdum í Norðurtúrninum stendur. Þau hafa verið viðkvæm fyrir raskinu sem er í húsinu eftir Kirkjusandinn,“ segir Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka. Starfsfólki sé hlíft við ryki og öðru sem falli til við framkvæmdirnar í Norðurtúrninu. – smj / sjá síðu 4

### Ánægður með strákana okkar

**ÍÞRÓTTIR** „Frammistaðan á móti heimsmeisturum Frakka var algjörlega stórkostleg. Þetta var frábær leikur af okkar hálfu, bæði í vörn og sókn,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir tveggja marka tap íslenska handboltalandsliðsins fyrir því franska, 26-28, í síðasta leik þess í Gulldeildinni í Noregi sem fram fór um helgina.

Þótt allir leikirnir á mótinu hafi tapast var frammistaðan til mikillar fyrirmyndar, sérstaklega í ljósi þess hversu ungt íslenska liðið var.

Þá gátu Rúnar Kárason og Ágúst Birgisson ekkert verið með vegna meiðsla og Aron Pálmarsson og Haukur Þrastarson léku ekki með gegn Frökkum vegna smávægilegra meiðsla. – íps / sjá síðu 12

#### Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Formaður SVFR gagnrýnir Einar K. Guðfinnsson. **10**

**SPORT** Stjarna Valgarðs skein skært. **13**

**TÍMAMÓT** 12 tónar eru ekki bara venjuleg plötubúð. **16**

**LÍFID** Tók upp myndband við lag sitt á Grænhöfðaeyjum. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

## NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



## Veður



Suðaustan- og austankaldi í dag og stöku skúrir eða él sunnanlands, en hægari og bjartviðri norðan heiða. Viða frostlaust að deginum. **SJÁ SÍÐU 18**



Inga Sæland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bregðast við vanda SÁÁ

**ALÞINGI** Þingmenn Flokks fólksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að Svandís Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra verði falið að tryggja aukafjárveitingar til sjúkrahúsfanana SÁÁ, og að gerður verði hið fyrsta nýr þjónustusamningur milli sjúkrahúsfanana samtakanna og Sjúkratrygginga Íslands með það að markmiði að bregðast við vaxandi heilbrigðisvanda áfengis- og vímuefnasjúklinga.

Samkvæmt greinargerð sem SÁÁ hefur unnið er heildarkostnaður við starfsemi SÁÁ á Vogu, Vík og göngudeildum rúmir 1,43 milljarðar króna. Framlag ríkisins nemur hins vegar 914 milljónum króna. Mismunurinn er rúmar 517 milljónir króna. – jhh

## Komu í veg fyrir hnífaárás í Berlín

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Berlín handtók í gær sex menn sem grundaðir voru um að ætla gera hnífaárás í borginni. Samkvæmt þýska fréttamiðlinum Die Welt höfðu hinir grunuðu tengsl við hryðjuverkamann sem myrti 12 manns er hann ók flutningabil inn í jólamarkað í borginni í desember árið 2016.

Líklegt þykir að árásin hafi verið skipulögð í tengslum við hið árlega hálfmarþon Berlínar sem fram fór í gær. Talsmaður lögreglu segist ekki getað slegið því föstu, en 32.000 manns tóku þátt í hlaupinu í gær.

– gþs

## Ruslið á við og dreif á Ægisíðunni



Rusl úr fráveitukerfi Veitna lá á við og dreif meðfram Ægisíðunni um helgina. „Allt krökkt af klósettpappír og dömubindum og börn þar að leik,“ eins og einn Vesturbæingurinn orðaði það í fésbókarhóp íbúa. Í tilkynningu frá Veitum segir að ekki sé ljóst hversu lengi ruslið hefur legið í fjörunni en engin truflun hafi verið á starfsemi dælustöðvarinnar nýverið. Starfsmenn Veitna unnu að því að þrifa svæðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Sunna til landsins í dag

**LÖGREGLUMÁL** Sunna Elvira Þorkelsdóttir kemur til Íslands í dag. Þetta staðfesti Páll Kristjánsson, lögmaður hennar, í samtali við fréttablaðið.is í gær. Sunna flýgur heim með þýsku flugfélagi. Ráðgert er að hún fari í endurhæfingu á Grensásdeild.

Sunna hefur legið á spítala á Spáni frá því í janúar. Hún var sett í farbann eftir að eiginmaður hennar, Sigurður Kristinsson, var handtekinn, grunaður um aðild að fíkniefnainnflutningi. Sigurður hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því að hann kom hingað til lands í janúar.

Páll tjáði blaðamanni að sjúkrahúsflytingarnir hingað til lands hefðu verið greiddar með peningum úr söfnun sem haldin var fyrir Sunnu fyrir á þessu ári. Eftir að Sunna var sett í farbann frestaðist hins vegar koma hennar til landsins. Hún hefur legið síðustu vikur á bæklunarspítala í Sevilla en áður lá hún á spítala í borginni Malaga. – bsp

# Þegar allt varð vitlaust á landsleik í Höllinni

Fimmtíu ár voru í gær liðin frá fyrsta sigurleik íslenska karlalandsliðsins í handbolta gegn því danska. Setti mikinn svip á fermingarveislur um land allt. Forseti Íslands bauð leikmönnum og eiginkonum á Bessastaði í tilefni tímamótanna.

**ÍÞRÓTTIR** Í gær voru 50 ár liðin frá 15-10 sigri Íslendinga á Dönum í handbolta. Sigurinn markaði tímamót því liðið hafði aldrei unnið það danska áður. Þá var sigurinn einnig mikilvægur fyrir íþróttalega sjálfsmynd hinnar ungu þjóðar því árið áður höfðu Íslendingar tapað 14-2 gegn Dönum í fótbolta á Parken eins og frægt er orðið.

Danir voru á þessum tíma með eitt sterkasta handboltalið í heimi og höfðu unnið til silfverðlauna á HM árið áður. Liðið kom til Íslands til að leika tvo æfingaleiki í Laugardalshöll og tapaði íslenska liðið fyrri leiknum 14-17.

Í tilefni tímamótanna bauð Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, liðsmönnum og eiginkonum þeirra til Bessastaða. „Við höfðum samband við forsetann og spurðum hvort hann vildi koma í boð til okkar. Hann sneri þessu bara við og bauð okkur til sín,“ segir Jón Hjaltalín Magnússon, einn af landsliðsmönnum.

Jón segir tilvalið að fagna afmælinu í sunnudagskaffi á Bessastöðum. Leikurinn sjálfur var leikinn á sunnudegi og raskaði hann ófáum kaffiböðum. „Þetta hafði náttúrlega áhrif á fermingarveislur, því allir voru limdir við útvarpið að hlusta á lýsinguna,“ bendir Jón á.

Fermingarbarnið Guðjón „Gaupi“ Guðmundsson, sem nú starfar sem íþróttafréttamaður, hafði ekki miklar áhyggjur af sinni eigin veislu. Hann fór að lokinni fermingu í Dómkirkjunni niður í Laugardal til að horfa á leikinn



Leikmönnum liðsins sem unnu hinn frækna sigur og eiginkonum þeirra var boðið til Bessastaða í gær. Fremstur stendur Jón Hjaltalín. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

og segir hann ógleymanlegan.

Gaupi minnst sérstaklega upphafs leiksins. „Fyrsta mark leiksins skoraði Jón Hjaltalín frá miðju, úr frumkasti. Þá stóð í rammanum markvörðurinn Bent Mortensen sem var á þeim tíma líklega albesti markvörður í heiminum.“ Hann telur þetta mark hafa gefið liðinu mikinn drifkraft inn í leikinn.

Að sögn Jóns stóðst Bent ekki

**Fyrsta mark leiksins skoraði Jón Hjaltalín frá miðju, úr frumkasti.**

Guðjón Guðmundsson



samanburð við markmann íslenska liðsins, Þorstein Björnsson. Þorsteinn hafi nánast lokað markinu og skipti það sköpum. Þá hafi vörnin verið skipuð hávöxnum og sterkum leikmönnum og sóknin gengið vel upp. Leikurinn hafi því sem næst verið fullkominn.

Fagnaðarlætin eftir leik eru þeim báðum eftirminnileg. Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, rauk inn á völinn að leikloknum til að hrópa ferfalt hurra fyrir liðinu.

Jón segir knattspyrnuleikinn fræga sem endaði 14-2 enn hafa setið í fólki og rifjar sérstaklega upp hamingjuóskir frá eldri manni. Sá hafði tekið í höndina á honum og þakkað fyrir góða frammistöðu með orðunum: „Þarna urðum við Íslendingar loksins sjálfstæðir.“ – gþs

# Blekhyllki.is



**Ódýr blekhyllki og tónerar!**

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# RAV4 Hybrid

## Sjálfhlaðandi Hybrid

ISLENSKASALSTOY 8098 0014



RAV4: 4.830.000 kr.

RAV4 Hybrid: 5.390.000 kr.

**HYBRID**

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

### Nátturulega blanda

RAV4 Hybrid er svipmikill dugnaðarforkur sem er umhugað um náttúruna. Hann er einstaklega hljóðlátur, hlaðinn nýstárlegum tæknibúnaði, með framúrskarandi akstursegginleika og nóg rými fyrir fólk og farangur. Hybrid kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Þú þarft aldrei að stinga í samband og rafhlaðan endist og endist. Veldu umhverfisvæna ánægju – veldu RAV4 Hybrid.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Rannsókn bendir til að íslenskir háskólanemar vinni mikið

**MENNTUN** Háskólanemar á Íslandi vinna meira en nemendur í mörgum samanburðarlöndum. Samkvæmt niðurstöðum EUROSTUDENT, sem er samanburðarkönnun á högum um 320 þúsund háskólanema í 28 löndum á evrópska háskólasvæðinu, verja Íslendingar meira en 50 stundum á viku í launaða vinnu og nám, meira en í nokkru öðru landi.

„Mestu munar þar um sjálfstætt nám utan stundatöflu, en nemar á Íslandi verja miklum tíma í sjálfstætt nám, þótt skipulagt nám sé engu minna hér en annars staðar. Háskólanemar á Íslandi vildu þó geta varið enn meiri tíma í námið en þeir gera nú,“ segir í tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna könnunarinnar. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland er

## 50

stundir á viku fara í launaða vinnu og nám hjá íslenskum háskólastúdentum.

þátttakandi í þessari könnun.

Þá segir að þótt ráðstöfunartekjur íslenskra háskólanema séu yfir meðaltali EUROSTUDENTlandanna sé húsnæðiskostnaður hár og tveir af hverjum þremur sem reida sig á námslán hafi áhyggjur af fjárhag sínum.

Þá sýna niðurstöður að meðalaldur íslenskra háskólanema er hærri (29,7 ára) en nemenda á

Norðurlöndum (27,8 ára) og í hinum EUROSTUDENT-löndunum (25 ára) og ekkert annað þáttökuland er með jafn hátt hlutfall nemenda yfir þritugu. Þriðjungur svarenda á Íslandi átti eitt barn eða fleiri, sem er hæsta hlutfall meðal þáttökulandanna og rúmlega 41 prósent af yngstu börnum háskólanema á Íslandi er undir 3ja ára aldri. – jhh

## Fráveitumál við Mývatn bætt

**UMHVERFISMÁL** Viljayfirlýsing var undirrituð á laugardaginn um samstarf við úrbætur í fráveitumálum við Mývatn. Samkvæmt samkomulaginu milli ríkisins, Skútustaðahrepps og Landgræðslunnar verður unnið að framkvæmd þróunarverkefnis sem felst í því að taka seyru úr skólpi í byggð við Mývatn og nýta hana til uppgræðslu á illa förnu landi á Hólasandi.

Í tilkynningu á vefstjórnarráðsins segir að leitað hafi verið lausna um hrið á fráveitumálum við Mývatn, ekki síst vegna áhyggna vísindamanna um að næringarefni úr fráveitu geti haft neikvæð áhrif á lífríki vatnsins. – jhh



Donald Trump. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kallað til fundar í Öryggisráðinu

**SÝRLAND** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna mun að öllum líkindum koma saman seinna í dag til að ræða efnavopnaárs sem gerð var á laugardag í Douma í Sýrlandi. Samkvæmt frétt Reuters létust 49 í árásinni. Í gær óskuðu nokkur ríki, þar á meðal Bandaríkin, eftir neyðarfundi ráðsins vegna árásanna.

Donald Trump sendi frá sér þrjú tist tengd árásinni þar sem hann meðal annars kallar Assad Sýrlandsforseta skepnu tvívegis. Þá segir hann Rússa og Írana bera ábyrgð á stuðningi við Assad sem og að þessi árás muni reynast dýrkeypt. – gbs

# Starfsmenn glíma enn við eftirköst myglu á Kirkjusandi

Nokkrir starfsmenn Íslandsbanka hafa enn ekki flust yfir í nýjar höfuðstöðvar bankans í Norðurtturninum í Kópavogi meðan framkvæmdir þar hafa staðið yfir. Ástæðan er að þau eru viðkvæm fyrir ryki og raski eftir veikindi sem rekja má til myglu- og rakaskemmda í gömlu höfuðstöðvunum. Ráðgert að rífa gamla húsið.

**VIDSKIPTI** Nokkrir starfsmenn Íslandsbanka glíma enn við eftirköst veikinda af völdum myglu- og rakaskemmda í höfuðstöðvum bankans við Kirkjusand. Af þeim sökum hefur þeim verið hlíft við að flytja í nýjar höfuðstöðvar bankans í Norðurtturninum í Kópavogi meðan á framkvæmdum hefur staðið þar.

„Þetta eru örfáir starfsmenn sem ekki eru starfandi í húsi á meðan á framkvæmdum í Norðurtturninum stendur. Þau hafa verið viðkvæm fyrir raskinu sem er í húsinu eftir Kirkjusandinn,“ segir Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka.

„Það fellur til alls konar ryk og annað við framkvæmdirnar svo þeim er hlíft við að vera þar á meðan á framkvæmdum stendur. En þau eru væntanleg í hús núna á næstunni,“ segir Edda en bendir á að enginn þeirra hafi verið í veikindaleyfi vegna þessa, aðeins unnið annars staðar en í húsinu.

Í ársbyrjun 2016 greindu forsvarsmenn bankans frá því að mygla hefði greinst á vinnusvæðum starfsmanna höfuðstöðvanna við Kirkjusand og að gripid hefði verið til ráðstafana af þeim sökum. Óæskilegt magn af gróum og sveppahlutum fannst á einstaka vinnusvæðum starfsmanna. Starfsfólk hafði kvartað yfir óþægindum og lélegum loftgæðum.

Nokkru síðar var tilkynnt um að bankinn myndi flytja höfuðstöðvar sínar og sameina starfsemi sína í Norðurtturninum í Kópavogi. Þeir flutningar hófust á síðari hluta árs 2016 þegar fyrstu starfsmenn fluttust yfir en síðan stóðu flutningar yfir langt fram á árið 2017. Nú er



Íslandsbanki flúði myglu- og rakaskemmdar höfuðstöðvar sínar við Kirkjusand. Einhverjir starfsmenn glíma þó enn við eftirköstin af þeim. Íslandsbanki leggur til að húsnæðið á Kirkjusandi verði rífið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það fellur til alls konar ryk og annað við framkvæmdirnar svo þeim er hlíft við að vera þar.

Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka



svo komið að nær allir starfsmenn, ríflega sex hundruð talsins, eru komnir í Norðurtturninn.

Bankinn lækkaði virði á húsnæðinu að Kirkjusandi um 1,2 milljarða í reikningum árið 2016. Birna Einarsdóttir útskýrði ákvörðunina á þann veg að engin leið væri að vita hvað yrði um húsið eða hvað skemmdirnar myndu kosta bankann. Íslandsbanki lagði síðar til að gömlu höfuðstöðvarnar á Kirkju-

sandi yrðu rifnar og hefur lagt inn beiðni til Reykjavíkurborgar um að hefja vinnu við að skipuleggja lóðina út frá því.

„Við erum búin að láta þrjú sérfræðifyrirtæki skoða húsið og meta kostnaðinn við að ýmist gera það upp eða rífa það. Í framhaldinu var tekin ákvörðun um að það yrði of kostnaðarsamt að ráðast í viðgerðir, þar sem of miklar skemmdir voru á húsinu.“ mikaelfrettabladid.is



## ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPI

# COMPASS

### LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE

VERÐLÆKKUN

**DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM**


Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tau áklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fánlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.

**VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.**

Við kynnum nýjan fargjaldaflokk:

# SAGA PREMIUM

Munaður sem munar um



Láttu frið hefjast strax um borð. Njóttu þess að teygja úr þér í betri og breiðari sætum, bragða gómsætan mat og láta dekra við þig á ýmsa lund á Saga Premium. Auka taska, þrúðlaust net og aðgangur að betri stofum er innifalinn. Allt þetta ætlum við nú að bjóða fyrir lægra verð.

**ICELANDAIR** 

## MEST LESIÐ



**1** Þýskt flugfélag kemur Sunnu heim

**2** Börnin senda slökkviliðinu ógrynni þakkarskeyta

**3** Ný kæra lögð fram á hendur starfsmanni Barnaverndar

**4** Ótrúlegt hvað lífið býður upp á

**5** Fær ekki upptöku af sjálfum sér ganga í skrokk á öðrum manni

## Stærsta skemmtiferðaskip í heimi



Stærsta skemmtiferðaskip heims, Sjávarsinfónían, hélt í jómfrúarferð á laugardag og var í höfn í Palma á Majorca í gær. Ferðamenn hrifast, en eyjar-skeggjar á Majorca hafa mótmælt því að skipið liggja þar. Þeir óttast að vegna stærðarinnar geti það skemmt umhverfið við eyjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## ORKUSTOFNUN

## Ársfundur Orkustofnunar 2018

Fundurinn verður haldinn 11. apríl  
14:00 - 17:00 - Grand Hótel Reykjavík

## DAGSKRÁ

- 13:45 **Mæting**
- 14:00 **Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**  
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
- 14:15 **Ávarp orkumálastjóra** - Dr. Guðni A. Jóhannesson
- 14:30 **Nordic EV Outlook 2018 and electrification of the Nordic energy system** - Sacha Scheffer, Analyst, Energy Efficiency Division/Energy Technology Perspectives Division, International Energy Agency
- 15:00 **Rafmagn sem orka í samgöngum**  
Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar
- 15:15 **Kaffihlé**
- 15:30 **Kolefnishlutlaus Eyjafjörður**  
Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku
- 15:45 **Evrópusamstarf um tæknipróun í orkumálum, SET-Plan**  
Dr. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, fulltrúi Íslands í SET-Plan
- 16:00 **Geothermica - fjölþjóðlegar rannsóknir á sviði jarðvarma innan EES / ESB**  
Hanna Björg Konráðsdóttir, verkefnisstjóri GEORG og Geothermica
- 16:15 **Orkuskipti í almenningssamgöngum**  
Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó
- 16:30 **Fundarlok / Léttar veitingar**  
Fundarstjóri: Baldur Pétursson, verkefnisstjóri - fjölþjóðleg verkefni og kynningar, Orkustofnun  
Skráning á os.is - fundurinn verður sendur út á vefnum

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík  
Sími 569-6000 - www.os.is

## Systkini endurgreiði ofgreiddan lífeyri föður

Litlar tekjur þóttu ekki fullnægjandi rök systkina til að fá kröfu TR í dánarbú föður þeirra fellda niður. Faðir þeirra hafði ekki gert grein fyrir tekjum úr lífeyrissjóði og séreignarsparnaði. Formaður ÖBÍ telur kerfið vera ömurlegt.

**VELFERÐARMÁL** Systkin þurfa að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins (TR) ofgreiddan örorkulífeyri föður síns heitins. Systkinin eru tekjulitlir námsmenn og töldu að fella ætti kröfuna niður vegna sérstakra aðstæðna. TR og úrskurðarnefnd velferðarmála (ÚRV) féllust ekki á þau rök.

Faðir systkinanna fékk örorkulífeyri greiddan frá 1. júlí 2015 og þar til hann lést árið 2016. Í tekjuáætlun var gerð grein fyrir tekjum vegna atvinnuleysisbóta en ekki var gerð grein fyrir greiðslum úr lífeyrissjóði og séreignarsparnaði. Fékk hann því ofgreiddar bætur sem því nam. TR lýsti þeirri kröfu í dánarbú mannsins.

Skipti á dánarbúinu standa yfir. Í ljós hafi komið að búið var skuldugt og í því var meðal annars að finna yfirdráttarskuld, skuld vegna VISA-korts og skuld við ríkisskattstjóra.

Systkinin eru bæði í námi í háskóla. Annað þeirra vinnur lítið samhlíða námi en hitt reiðir sig alfarið á framfærslulán frá Lána-sjóði íslenskra námsmanna. Vísuðu þau til ákvæðis í reglugerð um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags þar sem segir að heimilt sé að falla frá endurkröfu ofgreiddra bóta „ef alveg sérstakar aðstæður eru fyrir hendi“.

Í kærnu systkinanna til ÚRV segir

**Við vinnum ævina alla og borgum í lífeyrissjóð og svo hirðir ríkið það allt til baka.**

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands



**» Systkinin eru bæði í námi. Annað þeirra reiðir sig á framfærslulán LÍN en hitt hefur litla aukavinnu.**

að það að missa föður sinn skyndilega hafi reynst þeim erfið þraut sem meðal annars hafi seinkað þeim í námi. Ekki hafi bætt úr skák að faðir þeirra hafi skilið eftir sig skuldir. Útlit sé fyrir að þau þurfi að taka bankalán til að greiða skattskuld hans og það sé aðeins lítil hluti þess sem greiða þurfi.

Í greinargerð TR segir að þar sem skiptum sé ekki lokið beri dánarbúið ábyrgð á skuldinni. Ljúki skipt-

unum með einkaskiptum muni þau bera ábyrgð á skuldinni. Ljúki skiptunum með því að búið sé lýst eignalaust beri systkinin ekki ábyrgð á þeim.

Þar segir enn fremur að stofnunin hafi metið fjárhagsstöðu búans og erfingja þess í kjölfar kröfu þess efnis. Það var niðurstaða TR að eignir þess væru umfram skuldir. Þá væru erfingjarnir tveir um greiðslu skuldar föður síns og hefðu ekki sýnt fram á nein vanskil. Því væri ekki ástæða til að taka kröfu þeirra til greina.

ÚRV taldi að föður þeirra hefði mátt vera ljóst að tekjur úr lífeyrissjóði og séreignarsparnaði ættu að hafa áhrif á bætur hans. Þá taldi nefndin að þrátt fyrir að systkinin hefðu litlar tekjur þá væru eignir þeirra umfram skuldir. Nefndin féllst á rök TR og hafnaði kröfum systkinanna.

„Eins og staðan er í dag þá skerða allar skattskyldar tekjur örorkulífeyri. Í mínum huga þá finnst mér þetta afskaplega óréttlátt,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

„Mörgum finnst þetta nánast eignaupptaka. Við vinnum ævina alla og borgum í lífeyrissjóð og síðan hirðir ríkið það allt til baka. Við búum hreinlega við ömurlegt kerfi,“ segir Þuríður.

joli@frettabladid.is

Við kynnum nýjan fargjaldaflokk:

# SAGA PREMIUM FLEX

Nýttu ferðina til fulls



Hvort sem fundinum er frestað eða flýtt, þá flýgur þú vel á Saga Premium Flex. Njóttu sveigjanleikans og láttu notalegt umhverfi og úrvals þjónustu tryggja að tíminn um borð nýtist eins og best verður á kosið.

# Telja árásina ekki hafa verið hryðjuverk

Lögreglan í Þýskalandi telur að árásarmaður sem ók bíl inn í hóp veitingahúsagesta hafi verið einn að verki. Hann hafi átt við geðræn vandamál að stríða en hafi ekki haft pólitískar hvatir fyrir gjörðum sínum.

**ÞÝSKALAND** Karlmaðurinn sem grundaður er um að hafa ekið vöruflutningabíl á hóp fólks í borginni Münster í Þýskalandi á laugardaginn er talinn hafa verið einn að verki. Maðurinn er sagður hafa átt við geðræn vandamál að stríða.

Þýsk yfirvöld hafa leitað á fjórum heimilum sem tengjast hinum grundaða og segiast ekki hafa fundið neinar vísbendingar um að maðurinn tengist pólitískum ófgahópum.

Tveir létust þegar maðurinn ók bílnum að veitingastað í borginni á laugardaginn. Maðurinn, sem er 48 ára gamall, skaut sjálfan sig til bana eftir að hann hafði ekið á fólk. Þýska lögreglan segist hafa þekkt til mannsins, sem kallaður er Jens R í þýskum fjölmiðlum. Árið 2015 og 2016 hafði hann sætt ásökunum um eignaspjöll og að hafa í hótunum. Sakarefni voru hins vegar látin niður falla.

Þau sem létust í árásinni voru 51 árs gömul kona og 65 ára gamall karlmaður. Um 20 aðrir særðust í árásinni.



Rúmlega fimmtug kona og karlmaður á sjötugsaldri létust í árásinni. Þeirra var minnst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Það er ekkert sem bendir til þess að árásin hafi verið gerð af einhverjum pólitískum hvötum.

Elke Adomeit, saksóknari í Þýskalandi

„Það er ekkert sem bendir til þess að árásin hafi verið gerð af einhverjum pólitískum hvötum,“ segir Elke Adomeit saksóknari hjá lögreglunni.

Sjónarvottar segja að bílnum, sem var grár Volkswagen, hafi verið ekið á töluverðum hraða á torginu fyrir framan veitingastaðinn. Hann ók síðan á fólk sem sat fyrir utan veitingastaðinn.

Ljósmyndir frá vettvangi benda til þess að borð og stólar hafi kastast til þegar bíllinn rakst á þau. Starfsmaður á veitingastaðnum sagði að gestir þar hefðu óskrað af skelfingu.

Einn þeirra sem komu á vettvang eftir atburðinn sagði við BBC að öku- maðurinn hlyti að hafa haft þann ásetning að ráðast á fólk þar sem öll bílaumferð á svæðinu er bönnuð.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði í yfirlýsingu að sér væri brugðið vegna atburðanna.

„Það er verið að gera allt til þess að fá staðreyndir málsins á hreint og styðja við þolendur og aðstandendur þeirra,“ sagði Merkel. Emmanuel Macron, forseti Frakklands, sagði á Twitter að Frakkar myndu til með þjóð- verjum vegna atburðarins.

jonhakon@frettabladid.is

## ALDREI AFTUR! HVERNIG ÚTILOKA ÍSLENDINGAR ANNAÐ HRUN?

Opinn fundur í fundarsal Öskju, (stofu 132),  
Háskóla Íslands, þriðjudaginn 10. apríl kl. 12.00



**Katrín Jakobsdóttir**  
forsætisráðherra



**Gylfi Zoega**  
prófessor í hagfræði við  
HÍ og Birckbeck College  
í Lundúnum




**Bolli Héðinsson**  
formaður Samtaka  
sparifjäreigenda

Kristrún Heimisdóttir stýrir fundinum

UNIVERSITATIS ISLANDIAE  
SIGILLUM  
HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Samtök  
sparifjäreigenda

FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA



Eldri konur í Japan eru oft einmana og vilja því fangelsisvist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vilja í fangelsi heldur en vera einar

**JAPAN** Nær ein af hverjum fimm konum í japönskum fangelsum er öldruð. Oftast hafa öldruðu konurnar verið dæmdar til fangelsisvistar fyrir búðarhnupl. Þær stela til að lenda í fangelsi vegna þess að þær eru svo einmana að þær vilja heldur sitja inni en hirsta einar heima.

Samkvæmt frétt á vef Bloomberg eru 27,3 prósent Japana 65 ára og

eldri. Áður annaðist fjölskyldan og nærsamfélagið þá öldruðu en nú er þetta verkefni sem samfélagið ræður ekki við.

Aldraðar konur búa oft einar og eiga enga ættingja til að tala við. Þess eru einnig dæmi að þær séu einmana þótt þær eigi fjölskyldur. Í fangelsunum fá konurnar máltíðir reglulega og geta spjallað við aðra fanga og fangaverði. – ibs

## Hjólástólar í óskilum boðnir upp

**SAMFÉLAG** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stendur fyrir árlegu uppboði á óskilamunum þann fimmta maí næstkomandi. Þar verða meðal annars boðin upp reiðhjól og vespur, sem ekki hafa ratað til eigenda sinna.

Þessu til viðbótar segir lögreglan



á Facebook að hjólástólar verði boðnir upp. „Hið árlega uppboð óskilamuna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verður haldið laugardaginn 5. maí klukkan 11.00, í húsnæði Vöku hf., Skútuvogi 8. Reiðhjól, vespur og hjólástólar verða boðin upp.“ – bg



FRÁBÆR  
BÍLL Á GÓÐU  
VERÐI!



Way of Life!

# SUZUKI VITARA

FYRIR VETUR, SUMAR, VOR OG HAUST

FJÓRHJÓLADRIFINN,  
SJÁLFSKIPTUR  
EDA BEINSKIPTUR



## VITARA

Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra akstursegginleika. Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði. Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

### ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



VERÐ FRÁ KR.  
**3.830.000**

FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100





# Frammistaða sem lofar mjög góðu

Guðmundur Guðmundsson stýrði íslenska landsliðinu í fyrsta sinn í sex ár í Gulldeildinni, æfingamóti í Noregi. Leikirnir þrjú töpuðust en frammistaðan var stórgóð, sérstaklega gegn heimsmeisturum Frakklands. Sex leikmenn léku sína fyrstu landsleiki í Gulldeildinni.

**HANDBOLTI** „Frammistaðan á móti heimsmeisturum Frakka var algjörlega stórkostleg. Þetta var frábær leikur af okkar hálfu, bæði í vörn og sókn,“ segir Guðmundur Guðmundsson við Fréttablaðið eftir tveggja marka tap íslenska handboltalandsliðsins fyrir því franska, 26-28, í síðasta leik þess í Gulldeildinni, fjögurra þjóða móti sem fór fram í Björgvin í Noregi.

Þótt allir leikirnir á mótinu hafi tapast var frammistaðan til mikillar fyrirmyndar, sérstaklega í ljósi þess hversu ungt íslenska liðið var. Þá gátu Rúnar Kárasón og Ágúst Birgisson ekkert verið með vegna meiðsla og Aron Pálmarsson og Haukur Þrastarson léku ekki með gegn Frökkum vegna smávægilegra meiðsla.

„Við mátuðum okkur við þrjú af fimm bestu landsliðum heims; Norðmenn á heimavelli, Ólympíumeistara Dana og heimsmeistara Frakka. Við sýnum styrk með því að vera í jöfnum leikjum á móti þessum frábæru liðum. Við getum verið stoltir af því sem við höfum verið að gera,“ segir Guðmundur sem gaf sex nýliðum tækifæri í Gulldeildinni: Hauki, Viktori Gísla Hallgrímssyni, Teiti Erni Einarssyni, Ragnari Jóhannssyni, Elvari Erni Jónssyni og

Alexander Erni Júlíussyni. Þeir tveir síðastnefndu stimpluðu sig vel inn gegn frönsku heimsmeisturinum í gær.

## Breyttur varnarleikur

Elvar var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk og Alexander spilaði vörminna og gerði það vel. Hann var oft og iðulega mættur út á punktalínu til að brjóta á frönsku leikmönnum sem var lýsandi fyrir þær breytingar sem Guðmundur hefur gert á íslenska varnarleiknum. „Ég sá framfarir í varnarleiknum í dag [í gær]. Vörnin var á köflum ágæt á móti Noregi en gegn Frakklandi var hún algjörlega til fyrirmyndar,“ segir Guðmundur.

„Þetta tekur tíma. Við fengum bara tvo daga til að æfa og erum að gjörbreyta varnarleiknum og líka fullt af hlutum í sókninni. Þar fyrir utan erum við komnir með algjörlega nýtt lið. Það voru meiðsla og forföll og við vorum í þessari stöðu. Frammistaðan hjá kornungu liði Íslands var til fyrirmyndar í dag, á móti heimsmeisturinum sem voru með sitt sterkasta lið fyrir utan einn mann.“

Aðspurður hvað hefði mátt betur fara í leikjum helgarinnar nefndi Guðmundur sóknarleikinn gegn Dönnum.

„Það er svo stutt á milli. Í leiknum gegn Dönnum kom smá ódagot í sókninni og við slúttuðum of snemma. Við gáfum okkur ekki nægilega mikinn tíma í nokkrar sóknir og spiluðum yfirtöluna ekki nógu vel,“ segir Guðmundur.

Gegn Dönnum var staðan jöfn, 24-24, þegar stundarfjórðungur var til leiksloka. Þá fór sóknin að hiksta og Ólympíumeistararnir gengu á lagið og unnu að lokum þriggja marka sigur, 31-28. Rasmus Lauge reyndist íslenska liðinu erfiður á laugardaginn og skoraði 13 mörk.

## Kornungir leikstjórnendur

Gísli Þorgeir Kristjánsson stýrði íslensku sókninni lengst af í leikj-



Selfyfssingarnir Elvar Örn Jónsson og Ómar Ingi Magnússon spiluðu vel í Gulldeildinni. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

## Gulldeildin í handbolta

**Danmörk 31-28 Ísland**  
(14-13)



**Mörk Íslands:** Gísli Þorgeir Kristjánsson 5, Stefán Rafn Sigurmannsson 5, Aron Pálmarsson 5, Vignir Svavarsson 4, Ómar Ingi Magnússon 4, Haukur Þrastarson 2, Ragnar Jóhannsson 1, Arnór Þór Gunnarsson 1/1, Arnar Freyr Arnarsson 1. **Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 6/1, Viktor Gísli Hallgrímsson 3.

unum í Noregi og fórst það vel úr hendi. Hann skoraði einnig fimm mörk gegn Danmörku og var markahæstur Íslendinga ásamt Aroni og

## Gulldeildin í handbolta

**Ísland 26-28 Frakkland**  
(12-17)



**Mörk Íslands:** Elvar Örn Jónsson 7, Vignir Svavarsson 4, Ómar Ingi Magnússon 4, Bjarki Már Elísson 3, Arnór Þór Gunnarsson 3/2, Gísli Þorgeir Kristjánsson 3, Stefán Rafn Sigurmannsson 1, Arnar Freyr Arnarsson 1. **Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 5, Viktor Gísli Hallgrímsson 3/1.

Stefáni Rafni Sigurmannssyni sem, auk þess að spila í vinstra horninu, leysti stöðu bakvarðar í vörn. Líkt og gegn Norðmönnum

kom Haukur inn á í seinni hálfleik gegn Dönnum. Selfyfssingurinn 16 ára skoraði tvö mörk og var hvergi banginn þrátt fyrir ungan aldur og litla reynslu á stóra sviðinu.

Næst á dagskrá hjá íslenska landsliðinu eru leikirnir tveir í júní gegn Lithæen í umspili um sæti á HM 2019.

„Nú fara menn til sinna félaga. Þar er staðan á mönnum mjög mismunandi eftir því hversu stórt hlutverk þeirra er. Þeir þurfa að gæta þess að halda sér toppstandi. Síðan er mjög mismunandi hvenær þeir eru búnir og við hittumst ekki fyrr en í júní. Við verðum að sjá hversu snemma við getum hafið æfingar með hluta af hópnum,“ segir Guðmundur. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)

## Nýr Crafter. Sendibíll ársins 2017.

### Staðalbúnaður

- 270° opnun á afturhurðum
- Rennihurðir á báðum hliðum
- Hiti í afturrúðum
- Composition Media útvarp með 6.5" skjá
- Hliðarklæðningar
- Vatnsheldur krossviður á gólfi
- Comfort seat plus fyrir ökumann
- Skilrúm með glugga
- Hraðastillir
- Bakkmyndavél
- Aðgerðastýri
- 12V og 230V tengi
- Þokuljós að framan
- Loftkæling



### Alþjóðlegur sendibíll ársins 2017.

Nýr Volkswagen Crafter er hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi. Fyrsti sendibíllinn með 8 þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Crafter er betri en nokkurn tímann áður en hægt að velja um fjölda útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Sendibíll verð frá 5.970.000 kr. m/vsk  
Pallbíll verð frá 5.610.000 kr. m/vsk



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.



# LEIÐ

MÁNUDAGUR 9. APRÍL 2018

Lífsstíll



Það má alveg hafa veislu á mánudegi, til dæmis ef einhver á afmæli í fjöl-skyldunni. Uppskrift að þriggja rétta veisla sem hægt er að hafa í dag, um helgina eða á sumardaginn fyrsta í næstu viku.

→4



## Blái Svanurinn blúsar í Hörpu

Porkell Harðarson kvikmyndagerðarmaður er einnig mikill áhugamaður um framgang lúðrasveitarinnar Svans en hann hefur leikið með hljómsveitinni síðan hann var þrettán ára, með hléum þó. Í kvöld leikur sveitin blús í Hörpu þannig að undir mun taka í höllinni. →2

Porkell vill losa lúðrasveitir undan sinni hefðbundnu mynd sem skróðgönguleiðarar á hátíðisdögum.



**NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í APRÍL**

Skráðu þig núna. Engin binding.

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

**Reebok**  
FITNESS

Brynhildur  
Björnsdóttir


brynhildur@frettabladid.is



Ég byrjaði þarna svona þrettán ára," segir Þorkell sem er kvikmyndagerðarmaður sem á meðal annars að baki heimildarmyndirnar Fiðrað kókaín (Feathered Cocaine) sem fjallar um fálkasmygl og Trends Beacon um tískuiðnaðinn í New York. „Þá var ég með sitt hár, finlegur og talaði mjög lítið og allir héldu að ég væri stelpa fyrstu tvö árin. Ég var alltaf að furða mig á því að gamlir básúnuleikarar voru að hjálpa mér að binda bindishúttinn en það var af því þeir héldu að ég væri stelpa og kynni þetta ekki.“

Þorkell lék með Svaninum til rúmlega tvítugs. „Það er eins og segir í frægri minningargrein að bestu vinina eignast maður í lúðrasveitum," segir hann og bætir við: „Ég kynntist konunni minni, Rögnu Fróðadóttur, fatahönnuði til dæmis í lúðrasveitinni. Ég spila á klarinett og konan mín á horn. Svo tek ég stundum að mér bassatrommuna og gjöllin þegar við erum að marsera en á þessum tónleikum leik ég einleik á lögreglusírenu og bilflautu.“

Nám og störf drógu þau hjónin til útlanda og þau dvöldu bæði í New York og Berlín um árabil. „Hljóðfærin voru með okkur þegar við bjuggum erlendis en við spiluðum nú ekki mikið samt. Svo voru börnin farin að leika sér með hljóðfærin og þá varð maður ófundsjúkur og tók þau til baka," segir Þorkell. „Börnin fengu svo bara sín eigin hljóðfæri að leika sér á og önnur dóttir okkar spilar einmitt á trompett í Svaninum svo þarna leika kynslóðirnar hlið við hlið í kvöld. Ég tók eiginlega ekki upp klarinettið fyrr en við fluttum heim



Þorkell er ekki aðeins klarinettleikari í lúðrasveitinni Svani heldur líka varaformaður, sírenuleikari og bilflautari. MYND/EYFÓR

fyrir fjórum árum og fann að ég hafði engu gleymt í pásunni. En ekkert lært heldur.“

Þorkell fór að mæta aftur á æfingar og segir það veita sér mikla ánægju. „Svo sá ég að ef ég vildi hafa einhver

áhrif á hvað hljómsveitin væri að spila þá yrði ég að koma mér í stjórn. Ég er varaformaður Svansins núna og nýtti mér aðstöðu mína til að þröngva þessari blúshugmynd í gegn og sveitin er aðallega að spila blús á

# Afmælistilboð

Kínahofið fagnar 30 ára afmæli með frábærum tilboðum sem gilda frá 9. apríl til og með 15. apríl.



## Veglegt hádegishlaðborð

8 bragðgóðir réttir ásamt úrval af sósum og meðlæti

Verð aðeins kr. 1.590 kr.

Gildir á milli kl. 11 og 14.



## Freistandi kvöldtilboð

Allir kjúklinga, nauta, lamba og svínakiötsréttir af matseðli.

Hrísgrjón fylgja öllum réttum.

Verð aðeins kr. 1.590 kr.



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



# KINAHOFIÐ

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi

www.kinahofid.is | Sími 554 5022



Hér má sjá lúðrasveitina undir stjórn Carlos Caro Aguilera í mikilli sveiflu á Blúshátíð sem haldin var í nýliðinni dymbilviku. MYND/RAGNA FRÓÐADÓTTIR

tónleikum í kvöld og smá sveiflu líka.“

Lúðrasveitir leika ekki oft blús og Þorkell viðurkennir að persónulegur metnaður hafi legið að baki blúshugmyndinni. „Blús er svo kúl tónlist, það er ekkert meira kúl en að spila blús en ég kann ekkert á rafmagnsgítar og lítið á trommur, svo þetta var eiginlega eina leiðin sem ég sá mér færa til að fara upp á svið og spila blús.“

En blúsar fyrir lúðrasveit voru ekki auðfundnir. „Þessi hugmynd hljómaði rosalega vel alveg þangað til við fórum að leita að lúðrasveitarútsætningum á blúsum til að spila og þá kom í ljós að það er ekki um auðugan garð að gresja og þetta var mikið vesen. Við fundum þó að lokum lúðrasveitarblúsa síðan í fornöld og sitthvað fleira sem tónleikagestir í kvöld fá að heyrja.“

Blúsáhugi Svansins varð til þess að sveitin spilaði á Blúshátíð í Reykjavík á um páskana. „Við opnuðum hátíðina með skruðgöngu niður laugaveginna á blúsdeginum og svo hituðum við upp fyrir Langa Sela og Skuggana," segir Þorkell og malar við tilhugsunina. „Við völdum okkar mestu stuðlög, blésum af lífi og sál og ég held að við höfum verið það atriði sem kom mest á óvart á Blúshátíð.“

Þorkell hefur gert fjölda heimildarmynda og viðurkennir að sig dreymi um að gera mynd um Svaninn. „Draumurinn er að láta bjóða okkur á lúðrasveitarhátíð í Norður-Kóreu

áður en landið opnast og múrararnir falla. Ástæðan er sú að okkur var boðið til Austur-Þýskalands einu sinni á níunda áratug síðustu aldar og átján mánuðum síðar féll múrinn," segir Þorkell og segist rekja fall múrsins beint til heimsóknar Svansins. „Ég lít svo á að við höfum blásið íbúnum frelsinu í brjóst. Í Biblíunni er talað um múra Jeríkó sem féllu þegar lúðrarnir blésu svo það eru fordæmi fyrir þessu.“

Tónleikarnir í kvöld eru eins og áður sagði í Hörpu. „Ég held að þetta verði síðustu tónleikarnir sem verða haldnir í Hörpu því við ætlum að vera með svo mikil læti að þakið fari af húsinu og glerhjúpurinn splundrist út á Faxaflóa," segir Þorkell og bætir við að Sinfó og Skálmöld verði bara að finna sér annan stað fyrir sína tónleika. „Við verðum 45 á sviðinu í kvöld og ætlum að vera með læti og losna undan ímyndinni að lúðrasveitir geti ekkert annað en að freta niður Laugaveginna á fyrsta maí.“ Ýmislegt er svo á döfni hjá Svaninum næsta vetur. „Við erum að láta semja fyrir okkur nýja tónlist við þögla mynd sem við ætlum að flytja í vetur og þá á ég draum um að vera með hundrað manns á sviðinu.“

En fyrst verður blúsinn blásinn í kvöld af hjartans lyst. „Það er gaman að segja frá því að konan mín hannaði nýja búninga lúðrasveitarinnar sem eru bláir. Svo í kvöld mun blár Svanur spila blús.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 512 5338

Útgefandi:

365 miðlar

Ábyrgðarmaður:

Elmar Hallgrímsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 |

Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmar, mate@frettabladid.is, s. 512 5442.

# HVAÐ SEGJA KAUPENDUR ENOX SNJALLSJÓNVARPA?

Eiginlega erum við meir en ánægð, erum í skýjunum, og hef hvatt til þessara kaupa.

Ólöf Guðmundsdóttir,  
Hafnarfirði

Mjög flott og stílhreint, alger snilld.

Jón Leifs,  
Mosfellsbæ

Ég vil bara láta ykkur vita hvað ég er ánægð með tækið og með þjónustuna hjá Hópkaup, svo bestu þakkir.

Margrét Benjamínsdóttir,  
Reykjavík

Myndgæðin eru frábær og það er allt annað líf að horfa á þetta en gamla sjónvarpið

Ingibjörg Magnúsdóttir,  
Hafnarfirði



Flott og gott sjónvarp sem breytti stofunni nánast í bíósal.

Gísli Guðnason  
Reykjanesbæ,  
um 75"tæki.

Þetta er frábært tæki mæli eindregið með því.

Sigrún Heiða  
Garðabæ

Við erum hæstánægð með 55"sjónvörpin sem við keyptum.

Svana Guðlausdóttir  
Eskifirði

Fínasta tæki, einfalt og virkar vel.

Helgi Kristjánsson,  
Mosfellsbær



• Hópkaup, í samstarfi við þýska raftækjafyrirtækið **ENOX Group**, bjóða ótrúlegt verð á snjallsjónvörpum fyrir heimili og fyrirtæki.

• Snjallhluti sjónvarpsins er með **Android 6.0** og þú færð aðgang að þúsundum appa fyrir m.a. **Facebook, Netflix, Youtube, Twitter, Skype**

• **Quad Core CPU, RAM 2 GB og ROM 8 GB**



66.200 kr.



99.900 kr.



199.900 kr.

Sjónvörpin verða keyrð heim að dyrum viðskiptavina. Heimsending utan höfuðborgarsvæðisins kostar **4.990 kr.**

Sjónvörpin eru þjónustuð af Litsýn og ábyrgðin er til tveggja ára - að sjálfsgöðu!

**HÓPKAUP**

[www.hopkaup.is](http://www.hopkaup.is)  
Smáratorg 3, 201 Kópavogi  
samband@hopkaup.is

# Ljúffeng veislumáltíð heima

Páskar eru hátíð matar og sætinda og þótt þeir séu nýbúnir má alveg halda veislu. Það er gaman að elda eitthvað virkilega gott og njóta með fjölskyldunni, hvort sem það er heima eða í sumar-bústaðnum. Hér er hugmynd að þriggja rétta veislumáltíð sem boðar vorkomu og grill.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Réttirnir eru allir mjög einfaldir og þægilegt að elda þá. Hins vegar eru þeir mjög góðir og henta fyrir alla. Lambið svikur ekki en meðlætið getur auðvitað verið eins og hverjum og einum finnst best.

## Aspas með parmaskinku

Hér er æðislegur forréttur með aspas og þursskinku. Berið gjarnan fram niðursoðnar perur með réttinum.

**10 aspasstönglar**  
**5 sneiðar af parmaskinku eða serrano**  
**Jómfrúolía**  
**pipar**  
**Niðursoðnar perur**

Stillið bakarofninn á 200°C. Skerið hverja sneið af skinku til helminga og rúllið í kringum aspasinn. Leggið í eldfast mót, vætið með olíu og piprið. Athugið að taka neðsta hlutann af aspasinum, þann sem er harður. Bakið í 10 mínútur, snúið við og bakið áfram í 10 mínútur. Það má líka grilla aspasinn á úti-grilli og vefja skinkunni eftir á. Einnig má búa til hollandaise-sósu og hafa með. Það er þó óþarfi og mjög gott að hafa niðursoðna ávexti.

## Lamb með þúrtvínssósu

Lambafillet er afbragðsmatur og hentar vel um helgar þegar allir vilja slappa af eða bara þegar mann langar að gera vel við sig. Hér er spariútgáfa með þúrtvínssósu. Svo má auðvitað grilla kjötið á úti-grilli í góðu veðri.

**800 g lambafillet**  
**Salt og nýmalaður pipar**  
**1 hvítlauksrif**  
**8 einiber**  
**2 kvistir timían**  
**Smjör**  
**300 g kantarellusveppir**



Lambakjötið svikur ekki, hvort sem það er eldað úti á grilli eða í ofninum.

### Kartöflu- og sellerímús

**400 g kartöflur**  
**400 g sellerirót**  
**150 g sýrður rjómi**  
**1 msk. smjör**  
**Salt og pipar**  
**Rjómi**

### Þúrtvínssósa

**1 gulrót**  
**1 laukur**  
**Sveppir**  
**1 kvistur timían**  
**1 dl þúrtvín**  
**3 dl rjómi**  
**Kjötsoð**  
**1 msk. smjör**

Nuddið salti og pipar á lambið, merjið einiber og timían og veltið kjötinu upp úr blöndunni. Brúnið kjötið í smjöri og olíu á heitri pönnu með hvítlauk og timían. Setjið síðan í 160°C heitan ofn í 10-12 mínútur. Látið kjötið hvíla í minnst 15 mínútur áður en það er skorið í sneiðar. Skrælið og skerið kartöflur og sellerirót í bita og sjóðið. Takið vatnið frá og bætið sýrðum rjóma út í. Maukið allt saman og bætið salti, pipar, smjöri og rjóma saman við. Kartöflu- og sellerímúsinn er borin fram heit með kjötinu.



Aspas með parmaskinku og perum.



Einfaldur eftirréttur með berjum.

Fyrir sósunu: Skerið gulrót og lauk smátt og steikið í olíu ásamt sveppastönglunum sem voru skornir af þeim sem taldir voru upp með kjötinu og timían. Bætið þúrtvíninu saman við og rjóma. Sjóðið niður um þriðjung í um það bil 10-15 mínútur. Sigtuð soðið og bætið smjöri úti sósunu. Berið fram með kjötinu ásamt kartöflu- og sellerímúsinni, steiktum sveppum og ef til vill soðnu grænmeti.

## Ostakaka í glasi með ferskum berjum

Þetta er fljótlegaður eftirréttur og mjög góður. Uppskriftin miðast við fjóra.

**80 g haframjöl**  
**40 g bráðið smjör**  
**3 msk. sykur**  
**1,5 dl rjómi**  
**75 g rjómaostur**  
**Smávegis sítrónusafi**  
**3 msk. sykur**  
**2 msk. flórsykur**  
**1 tsk. vanilludropar**  
**400 g fersk ber**

Brjótið kexið niður með því að setja það í plastpoka og berja létt á það. Setjið í skál og blandið saman við smjörið. Blandið öllu öðru sem upp er talið í uppskriftinni (nema berjunum) í skál. Hrærið vel saman. Skolið berin og setjið þau í aðra skál og sykið yfir þau. Takið fram fjögur falleg glös, setjið berin neðst, síðan rjómaostblönduna og loks kexið. Skreytið með ferskri mintu.

Föstudaginn 13. apríl mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið

## GRÆNN LÍFSSTÍLL

Í blaðinu verða umhverfismál á ýmsum sviðum í brennidepli. Ætlunin er að benda bæði fyrirtækjum og almenning á fjölmörg skref sem auðvelt er stíga í átt að grænum lífsstíl. Einfaldar breytingar á daglegum venjum sem geta haft afar mikil og góð áhrif á okkar nær umhverfi með samhentu átaki almennings og fyrirtækja.

Á meðal efnistaka blaðsins er...

**Endurvinnsla** – pappír, plast, rafhlöður og ýmis spilliefni

**Kolefnisjöfnun** – hvernig geta fyrirtæki og heimili kolefnisjafnað á auðveldan hátt?

**Orkugjafar framtíðarinnar** – Metan, vetni eða rafmagn? Hvað mun knýja farartækin okkar í framtíðinni

**Maturinn og umhverfið** – hvernig geta framleiðslufyrirtæki lágmarkað umhverfisáhrifin og hvernig geta stuðlað að umhverfisvænni framleiðslu?

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is






# Fasteignablaðið

15. TBL. MÁNUDAGUR 9. APRÍL 2018

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



Bogi Pétursson  
lögg.fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal  
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson  
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason  
lögg. fasteignasali



Gunnlaugur A. Björnsson  
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skrifstofustjóri



Ragnar Þorgeirsson  
viðskiptafræðingur



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir  
Löggildur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.  
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson  
Skrifstofustjóri

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - Sími: 533 4800

[www.midborg.is](http://www.midborg.is)

## Sumarhús í Grímsnesi

Fold fasteignasala kynnir Hvamma 9, vandað sumarhús á einstökum stað í Grímsnesinu með frábæru útsýni og glæsilegu umhverfi. Falleg og vel umgengin eign í góðu ásigkomulagi á lokuðu svæði. Eignin skiptist í um það bil 61 fm sumarhús (þar af ca. 12 fm óskráð sólstofa) og tæpra 17 fm gestahús, þannig að samtals er um að ræða um 78 fm, en opinbera skráningin án sólstofu er 65,8 fm.

